



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Götunafnbreyting - torg á horni Garðastrætis og Túngötu - Kænugarður

Á fundi borgarráðs þann 28. apríl 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á tillögu um að torgið á norðausturhorni Túngötu og Garðastrætis fái heitið Kænugarður og undirheiti þess verði Kýiv-torg, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráð og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að Reykjavíkurborg nefni torgið á mótum Garðastrætis og Túngötu Kænugarð með undirheitinu Kýiv-torg/Kyiv-square. Hér er verið að gefa höfuðborg Úkraínu sess í hjarta Reykjavíkur. Með þessari ákvörðun borgarinnar er verið að senda skýr skilaboð um samstöðu með íbúum Úkraínu sem berjast fyrir frelsi sínu og sjálfstæði. Heitið Kænugarður á sér aldalanga sögu og tengsl borganna rótgróin.

Helga Björk Laxdal

e.u.